

Verkefni úr atvinnustefnu

Heildarverkefnalisti

Dagsetning	Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Atvinnumálaflokkur	Ábyrgð
31.12.2017	Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.	Að koma á samstarfi við LBHÍ í landslagsarkitektúr og umhverfisskipulagi.	Bjóða fram verkefni í landslagsarkitektúr annað hvert ár. Í fyrsta sinn á haustönn 2017	Menntun og rannsóknir	Sveitarstjórn, Menningar og æskulýðsnefnd
31.12.2017	Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.	Mynda tengsl við menntastofnanir eins og listaháskóla, háskóla, kvikmyndaskóla, framhaldsskóla og aðrar menntastofnanir	Koma á tengslum við 3 menntastofnanir í árslok 2017	Menntun og rannsóknir	Sveitarstjórn
31.1.2018	Takmarka uppskiptingu landbúnaðarlands	Setja skorður í aðalskipulag sem kemur í veg fyrir að frjósamt landbúnaðarland verði nýtt undir aðra starfsemi	Settar verði sértækar reglur um takmörkun á uppskiptingu lands áður en aðalskipulag verður samþykkt.	Iðnaður og landbúnaður	Sveitarstjórn
31.1.2018	Skipuleggja iðnaðarsvæði fyrir stór- og smáiðnað	Skipuleggja lóðir undir smáiðnað sem og stóriðnað. Tryggja aðgang að lóðum, rafmagni, ljósleiðara, aðveitu og fráveitu.	Á hverjum tíma er tryggt að alltaf sé til reiðu ein lóð sem er tilbúin til uppbyggingar	Iðnaður og landbúnaður	Sveitarstjórn
15.5.2018	Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.	Mynda tengsl við menntastofnanir eins og listaháskóla, háskóla, kvikmyndaskóla, framhaldsskóla og aðrar menntastofnanir	Koma á tengslum við 2 menntastofnanir í lok vorannar 2018	Menntun og rannsóknir	Sveitarstjórn
31.5.2018	Kortleggja gæði og notkun lands jafnvel í samstarfi við háskóla og bjóða fram sem lokaverkefni nemenda	Kortleggja gæði og notkun lands í samstarfi við menntastofnanir, Landgræðslu ríkisins og Náttúrufræðistofnun. Lokaverkefni. Skoða möguleika á sjálfbærri nýtingu lands	Lokaverkefni verði unnið árlega	Iðnaður og landbúnaður	Sveitarstjórn, Menningar og æskulýðsnefnd

Dagsetning	Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Atvinnumálaflokkur	Ábyrgð
1.6.2018	Nýta umhverfið til afþreyingar á heilsueflandi hátt	Auka aðgengi að Þjórsárskógi, hálendi og fjöllum. Tryggja aðgengi íbúa að ferðamannastöðum - sveitapassi	Mánaðarlegar gönguferðir með leiðsögn yfir sumartímann, fyrst sumarið 2018	Lýðheilsa og umhverfismál	Umhverfisnefnd
17.6.2018	Að skapa umgjörð fyrir listamenn og frumkvöðla	Koma á listasmiðju/gallerí á Uppsprettni og á Landsnámsdeginum	Listasmiðja verði starfrækt á Uppsprettni og á Landsnámsdeginum	Menning og skapandi greinar	Menningar og æskulýðsnefnd
15.8.2018	Þjórsárskóli verði heilsueflandi skóli	Þjórsárskóli verði í fararbroddi í heilsueflandi aðgerðum og vinni að því að samfélagið verði heilsueflandi	Staðfesting Landlæknisembættisins verði komið á í upphafi skólaárs 2018 - 2019	Lýðheilsa og umhverfismál	Sveitarstjórn, Skólanefnd, Þjórsárskóli
30.9.2018	Sjá til þess að hægt verði að auka við afþreyingu ferðamanna í sveitarfélaginu	Hafa samband við Markaðsstofu Suðurlands um samstarf og markaðssetningu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu	Í febrúar 2018 verður komið á samband við Markaðsstofu Suðurlands. Markaðsáætlun tilbúin í september 2018	Ferðaþjónusta	Sveitarstjórn
30.9.2018	Tryggja stöðugar samgöngur og bæta úr annmörkum vegakerfisins	Halda stöðufundi um samgöngur og vegakerfi með Vegagerðinni og ráðamönnum.	Fundur verði haldinn í september ár hvert	Iðnaður og landbúnaður	Atvinnu og samgöngumálanefnd
1.10.2018	Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.	Þjóða fram hugmyndir að lokaverkefnum, unnin í sveitarfélaginu eða tengd því	Þjóða fram a.m.k. 2 ný verkefni á ári sem unnin verða í sveitarfélaginu eða tengt því. Komið verði á samstarfi við viðeigandi menntastofnun. Verkefni skulu liggja fyrir þann 1. október ár hvert	Menntun og rannsóknir	Sveitarstjórn
31.10.2018	Lágmarka kolefnisspor íbúa vegna verslunar og þjónustu	Kynna verslun og þjónustu í heimabyggð með áherslu á lágmarkun kolefnisspora. Draga fram kolefnisspor innfluttra og innlendra vöruflokka	Halda kynningu um málefnið á haustfundum, annað hvert ár.	Iðnaður og landbúnaður	Atvinnu og samgöngumálanefnd, Umhverfisnefnd
31.10.2018	Stuðla að aukinni verslun í heimabyggð og minnka kolefnisspor vegna þess	Stuðla að aukinni netverslun með því að halda námskeið í netverslun og markaðssetningu	Halda námskeið um málefni á haustfundum, annað hvert ár.	Verslun og þjónusta	Atvinnu og samgöngumálanefnd

Dagsetning	Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Atvinnumálaflokkur	Ábyrgð
31.12.2018	Sjá til þess að hægt verði að auka við afþreyingu ferðamanna í sveitarfélaginu	Réttirnar nýttar undir viðburði allt árið, dýr til að njóta.	Fjöldi viðburða við réttir verði 3 á ári	Ferðaþjónusta	Menningar og æskulýðsnefnd
31.12.2018	Þjórsárdalur verði einn helsti segull í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu	Byggja upp sjálfbæra ferðamennsku í Þjórsárdal. Stýra aðgengi.	Finna út þolmörk Þjórsárdals og ákvarða fjölda í dalnum á hverjum tíma	Ferðaþjónusta	Sveitarstjórn
31.12.2018	Bæta aðstöðu og stuðning til nýsköpunar og atvinnuþróunar	Koma upp aðstöðu og stuðningi til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Birta upplýsingar á vefsvæði sveitarfélagsins um málefnið.	Fjölgun sprotafyrirtækja á ári. Fjölgun starfa í sprotafyrirtækjum og við nýsköpun	Iðnaður og landbúnaður	Atvinnu og samgöngumálanefnd
31.12.2018	Vinna að orkuskiptum í landbúnaði og samgöngum	Fá kynningu um framleiðslu á lífdísel frá sérfræðingum um málefnið.	Kynning á málefningu á árinu 2018	Iðnaður og landbúnaður	Atvinnu og samgöngumálanefnd, Umhverfisnefnd
31.12.2018	Flokkun á úrgangi verði framkvæmd á öllum heimilum og í öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu	Fylgja því eftir að úrgangur sé flokkaður og að tunnur og ílát séu til staðar á heimilum og fyrirtækjum	98% heimila og fyrirtækja flokki úrgang í árslok 2018	Iðnaður og landbúnaður	Umhverfisnefnd
31.12.2018	Vinna að orkuskiptum í landbúnaði og samgöngum	Auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum úr lífrænum úrgangi og orkuríkum jurtum. Stuðla að orkuskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa.	Stuðla að því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verði 10% árið 2020.	Iðnaður og landbúnaður	Atvinnu og samgöngumálanefnd, Umhverfisnefnd
31.12.2018	Auka aðgengi íbúa að íþróttamannvirkjum	Heilsueflandi samfélag dregur að nýja íbúa og styður við áframhaldandi búsetu	Salirnir í Árnasi og Brautarholti veðir nýttir 30% meira árið 2018 heldur en 2017. Mælivíðmið er árslok 2017. Til þess að þetta megi verða þarf að lágmarka árekstra milli mismunandi notkunar húsnæðisins.	Lýðheilsa og umhverfismál	Sveitarstjórn, Menningar og æskulýðsnefnd
31.12.2018	Að nýta skógarafurðir sem efni til hönnunar og arkitektúrs	Koma á samstarfi Þjórsárskóla og Skógræktar ríkisins. Halda námskeið t.d. Í nýtingu skógarafurða.	Haldin verða námskeið í nýtingu skógarafurða fyrir samfélagið annað hvert ár. Í fyrsta sinn árið 2018	Menning og skapandi greinar	Skólanefnd, Þjórsárskóli

Dagsetning	Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Atvinnumálaflokkur	Ábyrgð
31.12.2018	Að skapa umgjörð fyrir listamenn og frumkvöðla	Koma upp listasmiðju/galleríi eða vinnustofu þar sem sala á listmunum og handverki getur átt sér stað.	Húsnæði eða aðstaða fyrir listasmiðju/gallerí verði til reiðu fyrir lok árs 2018	Menning og skapandi greinar	Sveitarstjórn
31.12.2018	Að skapa umgjörð fyrir listamenn og frumkvöðla	Laða innlenda og erlenda listamenn til listsköpunar og miðlunar þekkingar	Listamaður komi árlega og vinni eða sýni í listasmiðju og miðli þekkingu til samfélagsins	Menning og skapandi greinar	Sveitarstjórn
31.12.2018	Auka ferðamannaverslun í sveitarfélaginu	Setja upp markað - listasmiðja/gallerí á heppilegum stað	Markaður verður opnaður fyrir árslok 2018	Verslun og þjónusta	Sveitarstjórn
31.10.2019	Flokkun á úrgangi verði framkvæmd á öllum heimilum og í öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu	Setja sveitarfélaginu og íbúum þess umhverfisstefnu	Umhverfisstefna verði kynnt á haustfundi 2019	Iðnaður og landbúnaður	Umhverfisnefnd
31.10.2019	Kanna þarfir og óskir íbúa í sveitarfélaginu varðandi atvinnuþætti	Setja upp rafræna viðhorfskönnun	Viðhorfskönnun unnin og kynnt á haustfundi sem er annað hvert ár um atvinnustefnu sveitarfélagsins. Í fyrsta sinn árið 2019	Verslun og þjónusta	Atvinnu og samgöngumálanefnd
17.6.2020	Setja upp sameiginlega afgreiðslustöð netverslana, tengdri listasmiðju	Setja upp sameiginlegan afgreiðslustað sem getur tengst listasmiðju þar sem vörur sem keyptar eru á netinu eru sendar út. Einn lager, margir framleiðendur	Listasmiðjan verði nýtt sem lager/afgreiðslustaður innan tveggja ára frá opnun listasmiðjunnar	Verslun og þjónusta	Atvinnu og samgöngumálanefnd